

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Þórður Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. júní 1919.

Nr. 20/1919:

N. Vittrup f. h. Em. Z.  
Zwitters Bjergningsentreprise  
gegn  
borgarstjóra Reykjavíkur  
f. h. bæjarsjóðs.

D ó m u r :

Síðastliðið ár 1918 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur 2000 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs á Em. Z. Zwitters Bjergningsentreprise eða á björgunarskipið Geir. Gjald þetta var síðar hækkað samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar upp í 2666 kr. 67 a. Forstöðumaður björgunarstarfseminnar, skipstjór-

inn á »Geir«, mótmælti álagningunni og neitaði að greiða útsvarið með því að hér væri eigi um útsvarsskylda starfsemi eða atvinnurekstur að ræða. Bæjargjaldkerinn í Reykjavík krafðist þess þá að gjaldið yrði tekið lögtaki og kom krafa sú fram fyrir fúgetarétti Reykjavíkur 3. mars þ. á. Eftir að málsaðilar höfðu borið fram í fúgetaréttinum sókn og vörn í málinu, úrskurðaði rétturinn 17. s. m., að að mótmælin yrðu eigi tekin til greina og að lögtaksgjörðin ætti fram að ganga. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi N. Wittrup skipstjóri f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. marsm. þ. á. og krafist þess að úrskurðinum verði hrundið, það er að segja að hann verði felldur úr gildi, og að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir þess verið krafist af hálfu stefnda fyrir hönd bæjarsjóðs Reykjavíkur að fúgetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Björgunarskipið »Geir«, sem undarfarin ár hefir haft bækistöðu sína í Reykjavík, er eign Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise í Kaupmannahöfn. Áfrýjandi segir að björgunarfélag þetta hafi skrifstofu og aðalbækistöðu sína í Kaupmannahöfn, og gjaldi þar skatta af allri starfsrækslu sinni, einnig þeirri, er það hafi hér á landi með björgunarskipinu »Geir«, hér hafi það enga skrifstofu, og enga umboðsmenn, er haldi skrifstofu fyrir félagið, enda hafi niðurjöfn-

unarnefndin í Reykjavík aldrei fyr lagt aukaútsvar á félagið og hafi þó engin breyting orðið á starfsemi þess hér á landi þessi síðustu árin. Þá tekur áfrýjandi það fram, að hvergi annars staðar hafi verið krafist skattgjalds, af björgunarskipum félagsins þeim, er hafa stöð utan Danmerkur eða á öðrum stöðum í Danmörku en í Kaupmannahöfn; starfsemi félagsins sé alveg sjerstaklegs eðlis; hún sé rekin til gagnsemda fyrir almenning eða til almenningsheilla; þá tekur hann það fram að hún sé rekin á sjó og af sjó, en ekki á landi. Að lokum getur áfrýjandi þess, að það hafi verið »sumpart eftir beinni ósk hérverandi stjórnarvalda« að það hafi rekið þessa björgunarstarfsemi hér. Fyrir þessar sakir vill hann telja atvinnurekstur félagsins skattfrjálsan hér í bæ og aukaútsvarið fyrir því ranglega álagt. Hins vegar er því haldið fram af stefnda fyrir hönd bæjarsjóðsins, að félagið hafi hér björgunarskip sitt alt árið með föstu aðsetri í Reykjavík til þess að reka héðan þá stórgróðrastarfsemi að bjarga skipum og telur hann þennan atvinnurekstur vafalaust útsvarsskyldan hér í bæ.

Eftir því sem fram er komið í málinu, og annars er alkunnugt, hefir félagið Em. Z. Zwitzers Bjergningsentreprise haft björgunarskipið »Geir« hér við land allmörg undanfarin ár, til þess að bjarga og hjálpa skipum í sjávarháaska eða er þau hafa orðið fyrir slysum, og jafnkunnugt er það, enda ómótmælt, að félagið hefir tekið borgun fyrir aðstoð þá og hjálp, sem það hefir

veitt skipum; verður því að telja þetta arðsaman atvinnurekstur. Þá er það eigi síður fullljóst af því, sem fram er komið í málinu, að þótt atvinnurekstrinum kunni að hafa verið stjórnað aðallega frá Kaupmannahöfn, þá hefir atvinnan þó verið rekin frá Reykjavík og aðalheimili hennar verið þar. Björgunarskipið Geir hefir haft aðsetur sitt á Reykjavíkurhöfn innan hafnargarða allan tímann, er það eigi hefir verið í björgunarferðum; hefir það legið fyrir festum við hafnargarðana. Ýmsir af skipverjum hafa haft heimili fyrir fjölskyldur sínar hér í bænum, þar sem þeir hafa leigt húsnæði og gjalda til allra stétta. Héðan úr Reykjavík hefir skip og skipshöfn tekið sig þegar það hefir lagt upp í björgunarferðir og hingað hefir það aftur komið að þeim loknum. Það verður því að líta svo á, að hér sé um arðsama atvinnu eða fyrirtæki að ræða, er rekið hafi verið í Reykjavík allan árshringinn, og skiftir það eigi máli þótt atvinnan hafi verið rekin af sjó og á sjó, úr því að hún var rekin frá skipi, er annars lá á Reykjavíkurhöfn. Slíkur atvinnurekstur verður að teljast útsvarsskyldur til bæjarsjóðs Reykjavíkur samkvæmt lögum um bæjargjöld 19. okt. 1877, 3. gr. sbr. tilsk. um bæjarstjórn 20. apríl 1872, 22. gr., og getur það eigi breytt þessari niðurstöðu að neinu leyti, þótt eigi hafi að undanförunu verið lagt aukaútsvar á björgunarskipið »Geir« í Reykjavík eða þótt starfsemi félagsins kunni að vera skattfrjáls erlendis utan Kaupmannahafnar, eða þótt svo kunni að vera að stjórnarvöld hér á landi hafi beint óskað

þess að björgunarskipið »Geir« ræki hér þessa starfsemi að hjálpa og bjarga skipum í neyð.

Samkvæmt því sem nú er sagt verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn staðfestist. Áfrýjandi N. Wittrup f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergnings-entreprise greiði stefnda borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðsins 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 52/1918:

Hreppsnefnd Þverárhrepps  
gegn  
Jóni S. Pálmasyni.

D ó m u r :

Haustið 1916 lagði hreppsnefnd Þverárhrepps í Húnavatnssýslu aukaútsvar til hreppsins á Jón S. Pálmason bónda á Þingeyrum í Sveinsstaðahreppi,